

Aðalsafnaðarfundur

Skýrsla tónlistarstjóra Grafarvogskirkju 2018

Þrír kórar starfa nú við Grafarvogskirkju: Kirkjukór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Barnakór Grafarvogskirkju. Organistar kirkjunnar og kórstjórar eru þeir Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og kórstjóri barnakórs Sigríður Soffía Hafliðadóttir. Sigríður Soffía hefur verið í barnseignaleyfi frá áramótum en er kominn tilbaka. Í Barnakór Grafarvosgskirkju eru rúmlega þrjátíu krakkar, á aldrinum 7 – 13 ára. Fyrirhugað er að skapa aðstæður fyrir elstu börnini sér í hóp í haust.

Segja má með sanni að sönglíf kirkjunnar sé í ágætum blóma og töluluverðu verki verið skilað þetta árið. Kirkjukórinn hélt stóra Jólatónleika 13. desember síðastliðinn ásamt Barnakór Grafarvogskirkju. Á tónleikana komu 400 manns. Einsöngvarar voru þau Gissur Páll Gissurarson og Dísella Lárusdóttir. Tíu manna sveit hljóðfæraleikara spilaði en Hákon skrifaði allar útsetningar fyrir tónleikana. Kirkju kórinn helt síðan aðra tónleika þann 11 mars ásamt kór Georgs Mason háskólans í Washington DC. Tónleikarnir voru helgaðir að nokkru leyti 100 ára afmæli Leonard Bernstein. Tónleikarnir voru vel sóttir og vel af þeim látið. Kirkjukórinn nýtur leiðsagnar söngkennaranna Laufeyjar Geirs dóttur og Magneu Tómasdóttur. Kórinn hyggur á utanlandsferð og mun heimsækja Nacka söfnuðinn í Stokkhólmi, þar er er íslenskur prestur að störfum, Guðni Rúnar Agnarsson. Hann er bróðir Hilmars Arnar Agnarssonar organista kirkjunnar. Með í för verður Guðrún Karls Helgudóttir og Hilmar Örn organisti.

Vox Populi hélt sjálfstæða tónleika á aðventunni þar sem þau lögðu m.a. áherslu á einsöngsatriði og framkomu einstakra kórfélaga. Lofsvert framtak og vel heppnað. Voxicóð hefur notið raddþjáfunar Ásgeirs Páls Ágústssonar nú á vordögum.

Barnakór Grafarvogskirkju tók þátt í barnakóra tónleikum í Grafarvogskirkju laugardaginn 12. maí síðastliðinn. Þett var samstarfsverkefni mðe Barnakórum Guðríðarkirkju og barna kór Fríkirkjunnar. Afar falleg stund.

Organistarnir, Hákon og Hilmar voru sendir í umboði sóknarnefndar til fundar við Seifert í febrúar 2017 síðastliðnum til að að heimsækja Seifert orgelsverksmiðjuna, þá bæði til að kanna ágæti hennar og eins til þess að endurskoða byggingu orgelsins með tilliti til kostnaðar og annara breyttra forsenda er varða orgelið og rými kirkjunnar. Sérfræðingar á vegum Söngmálastjóra og hljóðverkfræðingurinn Ólafur Hjálmarsson, mæltu með því að orgelið yrði endurhannað með það í huga að byggja það sitthvoru megin við altari kirkjunnar, í stað á fjórum stöðum áður.

Ferð Hákonar og Hilmars var í stuttu máli afar árangursrík, en því miður hafa aðstæður orgelsmiðjunnar breyst vegna mikilla mannskipta þar og hefur því samsstarfssamningi við Seifert verksmiðjuna verið sagt upp. Orgelnefndin hefur gefið samþykki sitt fyrir því að núlstilla verkefnið

og endur hugsa allar forsendur orgels með hjálp færstu sérfræðinga. Þann 17. maí kemur ungverskur orgelssmiður og mun hann veita okkur leiðsögn varðandi hönnun og byggingu orgels í kirkjunni. Veglegt orgel mun breyta kirkju okkar í ómandi og hljómandi kirkju. Það mun gera kirkjuna okkar í alla staði að eftirsóknarverðu söng og helgirými. Það mun gerast vegna hljóðfærисins og þeirrar hlóðvistar sem hönnuð verður í kringum það. Má hugsa það sem svo, að orgel hafi margfeldis áhrif á það góða starf sem þegar er unnið í Grafarvogskirkju. Söngur og sönglíf mun styrkjast til muna með tilkomu orgelsins og öll umgengni við kirkjuna er varðar helgihaldið einnig. Kirkjan mun að líkindum óma öll af helgri gleði.

